

Keflavíkurflugvöllur ohf  
Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar  
Flugstöð Leifs Eiríks  
235 Reykjanesbær

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
<b>05 MAI 2010</b> 10.4.2	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. maí 2010  
Tilvísun: UST20100100009/ksj

### Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar

Vísað er til erindis Keflavíkurflugvallar ohf. er barst 4. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2005 – 2025, niðurfelling landnotkunar innan Reykjanesbæjar.

Breytingin felur í sér að stjórnábyrgðum Keflavíkurflugvallar gagnvart Reykjanesbæ er breytt, skv. skilgreiningu í lögum nr. 176/2006 og með vísan til auglýsingar nr. 38/2007 um að hluti varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli skuli tekinn í borgaraleg not og minnkar svæði Keflavíkurflugvallar sem nemur svæði C samkvæmt skilgreiningu í ofangreindum lögum. Núgildandi landnotkun er skilgreind sem opið svæði, vatnsverndarsvæði - grannsvæði, vatnsverndarsvæði - brunnsvæði, athafnasvæði varnarliðsins, svæði fyrir opinberar stofnanir, iðnaðarsvæði og öryggissvæði vegna flugumferðar. Með staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar fellur áður nefnd landnotkun úr gildi á því svæði sem breytingin nær til. Í tillögunni er sýnd lega háspennulína sem áætlað er að leggja meðfram Reykjanesbraut á norðurjaðar svæðisins að hluta. Einnig er í tillögunni felld niður hljóðlína sem er í staðfestu gildandi aðalskipulagi og í hennar stað eru í tillögunni nýjar línur sem sýna reiknað hljóðstig vegna áætlaðrar flugumferðar um Keflavíkurflugvöll. Að lokum eru breytingar á svokölluðu efra Nikkelsvæði, en þar er gert ráð fyrir að tengibraut og undirgöng liggi um að hluta.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi tilmælum á framfæri.


### Svæði er færast undir skipulagssvæði Reykjanesbæjar


Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar eru innan þess svæðis sem nú færast í borgaraleg not, svæði sem geta innihaldið mengaðan jarðveg svo sem svæði gömlu sorpeyðingarstöðvarinnar ( Hafnir, Landfill), svæði með menguðum jarðvegi svo sem svæði sölunefndar varnarliðseigna og svæði þar sem mögulega eru gamlar sprengjur þar sem áður voru æfingarsvæði svo sem svæðið fyrir sunnan Patterson-flugvöllinn. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og aðrir þar til bærir aðilar, hafi kannað ástand svæðanna áður en borgaraleg not eru fundin.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við breytingartillöguna.

Umhverfisstofnun veur athygli á að texti á korti er fylgir erindinu, er óskýr. Reynt hefur verið fá skýrari gögn en ekki tekist. Umhverfisstofnun bendir á að þetta hefur tafið afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Hjalti J Guðmundsson  
Sviðsstjóri

Afrit: Skipulagsstofnun